

Ráðhús Garðabæjar
Bt. Tækni- og umhverfisvið
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Kópavogur 10. maí 2021

Varðar skipulagsmál í Garðabæ

Aðalfundur Húsfélagsins í Þorrasölum 1 – 3 fór fram miðvikudaginn 28. apríl 2021. Meðal umræðuefna á fundinum voru skipulagsmál er varðar lagningu Vorbrautar í bakgarðinum við Þorrasali, það er örfáa metra frá svefnherbergisluggum íbúa. Fyrir liggur að fyrirhuguð veglagning samkvæmt deiliskipulaginu ógnar umferðaröryggi á svæðinu og er auk þess mikið umhverfis- og skipulagsslys en vegurinn á að þjónusta um 9.000 bíla á sólarhring.

Eðlilega kom fram mikil reiði á aðalfundinum gagnvart skipulagsyfirvöldum í Kópavogi og Garðabæ. Í lok fundarins var samþykkt að álykta um málið auk þess að vinna að því að kæra málið til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem sveitarfélög eiga ekki að komast upp með svona glórulaus vinnubrögð.

Ályktun

Um lagningu Vorbrautar við Þorrasali í Kópavogi

„Aðalfundur Húsfélagsins í Þorrasölum 1 – 3, haldinn miðvikudaginn 28. apríl 2021, mótmælir harðlega fyrirhugaðri veglagningu á vegum Garðabæjar með lagningu Vorbrautar neðan við fjölbýlishúsin í Þorrasölum í Kópavogi. Verði að lagningu vegarins verður umferðarþunginn gríðarlegur. Að mati aðalfundarins er um að ræða alvarlegt skipulagsslys.

Athygli vekur að Kópavogsbær hafi gert samkomulag við Garðabæ að falla frá áformum um að fella út tengingu brautarinnar við gatnakerfi Kópavogs í tillögu að nýju aðalskipulagi. Samkomulagið varðar vegtengingar í Hnoðraholti, gert í mars 2021.

Eðlilega er íbúðareigendum brugðið við þessar fréttir enda nýja veginum ætlað að liggja við lóðarmörkin hjá Þorrasölum. Um er að ræða verulega skerðingu á nánd við náttúruna, friðsældina og græn svæði.

Það sem er alvarlegast er að veginum mun fylgja aukin slyshætta, sérstaklega á börnum. Mengun vegna bílaumferðar verður veruleg vegna mikillar umferðar. Hávaðamengun verður til staðar og þá kemur vegurinn til með að rýra verðgildi íbúðanna vegna takmörkunar á útsýni og umferðarþunga nánast í bakgarðinum. Það er á fjölförnum vegi fáeina metra frá svefnherbergjum fólks og leiksvæðum barna.

Aðalfundurinn skorar á Garðabæ að falla frá þessum áformum þegar í stað, um leið og þess er krafist að Kópavogsbær verji hagsmuni íbúa sveitarfélagsins í Þorrasölum með því að leggja alfarið gegn lagningu Vorbrautar. Svona vinnubrögð eiga ekki að viðgangast á 21 öld.“

Frekari upplýsingar gefur undirritaður.

Virðingarfyllt

Fh. Húsfélagsins Þorrasala 1-3

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður

Samrit: Kópavogsbær

